

REGLUGERÐ

um þvingunaraðgerðir varðandi Belarús.

1. gr.

Almenn ákvæði.

Með reglugerð þessari eru sett ákvæði um þvingunaraðgerðir varðandi Belarús sem íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að framfylgja á grundvelli yfirlýsingar ríkisstjórna aðildarríkja Evrópusambandsins og Fríverslunarsamtaka Evrópu um pólitísk skoðanaskipti, sem er hluti samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993.

2. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi gerðir Evrópusambandsins um þvingunaraðgerðir skulu öðlast gildi hér á landi með þeirri aðlögun sem getið er um í 3. gr. Gerðirnar, ásamt viðaukum, eru birtar sem fylgiskjal 1-13 við reglugerð þessa:

- a) ákvörðun ráðsins 2010/639/SSUÖ (sameiginleg stefna í utanríkis- og öryggismálum) frá 25. október 2010 um þvingunaraðgerðir gegn tilteknum embættismönnum í Belarús, sbr. fylgiskjal 1, eins og henni var breytt með:
 - i. ákvörðun ráðsins 2011/69/SSUÖ frá 31. janúar 2011 um breytingu á ákvörðun ráðsins 2010/639/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn tilteknum embættismönnum í Belarús, sbr. fylgiskjal 2;
 - ii. ákvörðun ráðsins 2011/357/SSUÖ frá 20. júní 2011 um breytingu á ákvörðun 2010/639/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn tilteknum embættismönnum í Belarús, sbr. fylgiskjal 3;
 - iii. ákvörðun ráðsins 2011/666/SSUÖ frá 10. október 2011 um breytingu á ákvörðun 2010/639/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Belarús, sbr. fylgiskjal 4.

Framangreindum ákvörðunum fylgja viðaukar með listum yfir aðila sem landgöngubann og frysting fjármuna eiga við um. Viðaukarnir eru ekki birtir hér með en þess í stað vísast í I. viðauka og I. viðauka A við reglugerð ráðsins (EB) nr. 765/2006 að neðan, eins og henni hefur verið breytt, sem skulu eiga við þessar ákvarðanir að breyttu breytanda.

- b) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 765/2006 frá 18. maí 2006 um þvingunaraðgerðir gegn Lukashenko forseta og tilteknum embættismönnum í Belarús, sbr. fylgiskjal 5, eins og henni var breytt með:
 - i. reglugerð ráðsins (EB) nr. 646/2008 frá 8. júlí 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 765/2006 um þvingunaraðgerðir gegn Lukashenko forseta og tilteknum embættismönnum í Belarús, sbr. fylgiskjal 6;
 - ii. reglugerð ráðsins (ESB) nr. 84/2011 frá 31. janúar 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 765/2006 um þvingunaraðgerðir gegn Lukashenko forseta og tilteknum embættismönnum í Belarús, sbr. fylgiskjal 7;
 - iii. reglugerð ráðsins (ESB) nr. 588/2011 frá 20. júní 2011 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 765/2006 um þvingunaraðgerðir gegn Lukashenko forseta og tilteknum embættismönnum í Belarús, sbr. fylgiskjal 8;
 - iv. reglugerð ráðsins (ESB) nr. 999/2011 frá 10. október 2011 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 765/2006 um þvingunaraðgerðir varðandi Belarús, sbr. fylgiskjal 9.

Uppfærðir viðaukar við reglugerð ráðsins (EB) nr. 765/2006, eins og henni hefur verið breytt, fylgja:

I. viðauki (Annex I): Listi yfir einstaklinga og lögaðila eða stofnanir skv. 1., 2. og 4. mgr. 2. gr. (frysting fjármuna), sbr. fylgiskjal 10;

I. viðauki A (Annex IA): Listi yfir einstaklinga og lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir skv. 1., 2. og 5. mgr. 2. gr. (frysting fjármuna), sbr. fylgiskjal 11;

II. viðauki (Annex II): Vefsetur með upplýsingum um lögbær stjórnvöld skv. 3. gr., 2. mgr. 4. gr. og 5. gr. og heimilisfang fyrir tilkynningar til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, sbr. fylgiskjal 12;

III. viðauki (Annex III): Listi yfir búnað sem mætti nota til bælingar innanlands skv. a- og b-liðum 1. gr., sbr. fylgiskjal 13.

Sameiginlegur hergagnalisti Evrópusambandsins, sem vísað er til í 1. gr. b reglugerðar ráðsins (EB) nr. 765/2006, er birtur sem viðauki (Annex) við fylgiskjal 2 við reglugerð um eftirlit með þjónustu og hlutum sem geta haft hernaðarlega þýðingu nr. 800/2011.

Viðaukar við framangreindar gerðir eru birtir á frummáli, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Framangreindar gerðir binda einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir án frekari lögfestingar, eftir því sem við á, þ.m.t. ákvæði um viðskiptabann, landgöngubann og frystingu fjármuna.

Heildarlisti yfir einstaklinga og lögaðila sem fjárhagslegar þvingunaraðgerðir gilda um er á eftirfarandi vefsíðu:

http://ec.europa.eu/external_relations/cfsp/sanctions/list/version4/global/e_ctlview.html.

3. gr.

Aðlögun.

Gerðir skv. 2. gr. skulu aðlagðar með eftirfarandi hætti:

- a) ákvæði varðandi ríkisborgara, einstaklinga, fyrirtæki, stjórnvöld, opinberar stofnanir, tungumál, yfirráðasvæði eða aðildarríki Evrópusambandsins („EB“, „ESB“, „bandalagsins“ eða „sameiginlega markaðarins“) eiga við um íslenska ríkisborgara, einstaklinga, fyrirtæki, stjórnvöld, opinberar stofnanir, tungumál, yfirráðasvæði eða Ísland, eftir því sem við á;
- b) ákvæði um tilkynningar eða skýrslugerðir til aðildarríkja Evrópusambandsins eða stofnana gilda ekki. Hið sama á við um ákvæði um gildistöku eða hvenær gerðir skuli koma til framkvæmda;
- c) tilvísanir í gerðir, sem eru hluti samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningsins), eiga við um þau ákvæði íslensks réttar sem innleiða þær gerðir, eftir því sem við á;
- d) tilvísanir í gerðir, sem eru ekki hluti EES-samningsins, eiga við um hliðstæð ákvæði íslensks réttar, eftir því sem við á, þ.m.t. ákvæði tollalaga nr. 88/2005;
- e) tilvísanir í eldri ákvæði um þvingunaraðgerðir Evrópusambandsins eiga við um eldri íslensk ákvæði, eftir því sem við á;
- f) vefsetur með upplýsingum um lögbær stjórnvöld á Íslandi er: www.utn.is/thvingunaraðgerdir.

4. gr.

Tilkynning.

Birting lista yfir aðila, sem nefndir eru í gerðum skv. 2. gr., skal skoðast sem tilkynning til þeirra um að þær þvingunaraðgerðir sem kveðið er á um í gerðunum beinist gegn þeim og er þeim bent á að þeir geti sótt um vissar undanþágur til utanríkisráðuneytisins eða óskað eftir afskráningu af listum, telji þeir sig ranglega skráða.

5. gr.

Undanþágur frá þvingunaraðgerð.

Ráðherra getur veitt undanþágur frá þvingunaraðgerðum, sem gripið hefur verið til, af manúðarástæðum eða öðrum ástæðum. Hann getur m.a. heimilað að efndir séu samningar eða að fullnægt sé öðrum réttindum og skyldum, sem fara í bága við reglugerð þessa, en stofnuðust fyrir gildistöku hennar.

6. gr.

Viðurlög.

Hver sá sem brýtur gegn þvingunaraðgerðum skv. lögum nr. 93/2008 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða skal sæta viðurlögum skv. 10. gr. laganna, nema þyngri viðurlög liggi við samkvæmt öðrum lögum.

7. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Belarús nr. 902/2009.

Utanríkisráðuneytinu, 10. janúar 2012.

Össur Skarphéðinsson.

Einar Gunnarsson.

Fylgiskjal 1.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS 2010/639/SSUÖ
frá 25. október 2010
um þvingunaraðgerðir gegn tilteknum embættismönnum í Belarús.

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,
að teknu tilliti til þess að:

- 1) hinn 10. apríl 2006 samþykkti ráðið sameiginlega afstöðu 2006/276/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn tilteknum embættismönnum í Belarús ⁽¹⁾,
- 2) þvingunaraðgerðirnar voru framlengdar til 15. mars 2010 með sameiginlegri afstöðu 2009/314 frá 6. apríl 2009 um breytingu á sameiginlegri afstöðu 2006/276/SSUÖ ⁽²⁾, samt sem áður var ferðatakmarkunum, sem voru lagðar á tiltekna leiðtoga í Belarús, að undanskildum þeim sem mannhvörfin árin 1999 og 2000 vörðuðu og forseta kosninganefndar ríkisins, frestað til 15. desember 2009,
- 3) hinn 15. desember 2009 samþykkti ráðið ákvörðun ráðsins 2009/969/SSUÖ ⁽³⁾ um að framlengja bæði þvingunaraðgerðirnar og frestunina til 31. október 2010,
- 4) endurskoðun sameiginlegrar afstöðu 2006/276/SSUÖ hefur leitt í ljós að endurnýja beri þvingunaraðgerðirnar þannig að þær gildi fram til 31. október 2011 og um leið frestun ferðatakmarkananna fram til sömu dagsetningar,
- 5) framkvæmdarráðstafanir Evrópusambandsins eru settar fram í reglugerð (EB) nr. 765/2006 frá 18. maí 2006 um þvingunaraðgerðir gegn Lukashenko forseta og tilteknum embættismönnum í Belarús ⁽⁴⁾,

HEFUR SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra að inn á yfirráðasvæði þeirra komi eða um þau fari einstaklingar sem eru ábyrgir:
 - a) fyrir því að hefja ekki sjálfstæða rannsókn á meintum glæpum og saksókn vegna þeirra gegn þeim sem í Pourgourides-skýrslunni eru taldir vera lykilmenn í hvarfi fjögurra þekkttra einstaklinga í Belarús á árunum 1999 og 2000 og í yfirhyllingu í kjölfar þess, með tilliti til augljósrar hindrunar á framgangi réttvísinnar, sbr. listann í I. viðauka,
 - b) fyrir svikum í kosningum og þjóðaratkvæðagreiðslu í Belarús 17. október 2004 og þeim sem bera ábyrgð á alvarlegum mannréttindabrotum á þátttakendum í friðsamlegum mót mælum í kjölfar kosninganna og þjóðaratkvæðagreiðslunnar í Belarús, sbr. listann í II. viðauka,
 - c) fyrir brotum á alþjóðlegum kosningareglum í forsetakosningunum í Belarús 19. mars 2006 og fyrir herferð gegn borgaralegu samfélagi og lýðræðislegri stjórnarandstöðu, sbr. listann í III. viðauka.
2. Ákvæði 1. mgr. skuldbinda aðildarríki ekki til að meina eigin ríkisborgurum að koma inn á yfirráðasvæði sín.
3. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki í þeim tilvikum þegar aðildarríki er skuldbundið af reglum þjóðaréttar, nánar tiltekið:
 - i. sem gistiland alþjóðlegrar milliríkjastofnunar,
 - ii. sem gistiland alþjóðlegrar ráðstefnu sem Sameinuðu þjóðirnar boða til eða fram fer á þeirra vegum,
 - iii. samkvæmt marghliða samningi, þar sem kveðið er á um forréttindi og friðhelgi, eða

- iv. samkvæmt Sáttasamningnum frá 1929 (Lateran-samningurinn) sem Páfastóll (Vatikanborgríkið) og Ítalía gerðu sín í milli.
4. Ákvæði 3. mgr. telst einnig gilda þegar aðildarríki er gístilland Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (OSCE).
 5. Ráðinu skal tilkynnt um það, með tilhlýðilegum hætti, ef aðildarríki veitir undanþágu skv. 3. eða 4. mgr.
 6. Aðildarríki mega veita undanþágur frá þeim ráðstöfunum sem kveðið er á um í 1. mgr. ef ferð er réttlætt með því að vísa til ríkra mannúðarástæðna eða til þátttöku í milliríkjafundum, þ.m.t. fundir sem Evrópusambandið styður og þeir sem haldnir eru í aðildarríkinu, sem fer með formennsku í Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu hverju sinni, þar sem fara fram stjórn málaumræður sem efla með beinum hætti lýðræði, mannréttindi og réttarreglur í Belarús.
 7. Aðildarríki, sem hyggst veita undanþágur, sem um getur í 6. mgr., skal tilkynna ráðinu það skriflega. Undanþágan skal teljast veitt nema einn eða fleiri meðlima ráðsins andmæli því skriflega innan tveggja virkra daga frá því tilkynning berst um fyrirhugaða undanþágu. Ef einn eða fleiri meðlimir ráðsins hreyfa andmælum getur ráðið tekið ákvörðun um að veita fyrirhugaða undanþágu með auknum meirihluta.
 8. Í þeim tilvikum þegar aðildarríki heimilar, skv. 3., 4., 6. og 7. mgr., komu einstaklinga, sem skráðir eru í I., II. og III. viðauka, inn á yfirráðasvæði sitt eða ferð þeirra um það skal leyfið takmarkast við þann tilgang sem það er veitt í og hlutaðeigandi einstaklinga.

2. gr.

1. Frysta skal alla fjármuni og efnahagslegan auð sem tilheyrir, er í eigu, í vörslu eða undir stjórn aðila, sem bera ábyrgð á brotum á alþjóðlegum viðmiðunarreglum um kosningar í forsetakosningunum í Belarús hinn 19. mars 2006 og á herferðinni gegn borgaralegu samfélagi og lýðræðislegri stjórnarandstöðu, og þeirra einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem þeim tengjast, sbr. lista í IV. viðauka.
2. Enga fjármuni eða efnahagslegan auð skal gera aðgengilegan, með beinum eða óbeinum hætti, þeim aðilum sem eru á lista í IV. viðauka, eða þannig að þeir hafi hag af þeim eða honum.

3. gr.

1. Lögbært stjórnvald í aðildarríki getur heimilað affrystingu tiltekinna frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður sé gerður aðgengilegur, eftir þeim skilyrðum sem það telur við eiga, eftir að hafa ákveðið að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sem um ræðir sé:

- a) nauðsynlegur til að uppfylla grunnþarfir þeirra einstaklinga sem taldir er upp í IV. viðauka og aðstandenda á framfæri þeirra, þ.m.t. greiðslur vegna matarkaupna, leigu eða veðlána, lyfja og lækni meðferðar, skattheimtu, iðgjalda og opinberra þjónustugjalda,
- b) eingöngu ætlaður til að greiða hæfilega þóknun fyrir sérfræðistörf og til að standa straum af útgjöldum vegna veittrar lögfræðiþjónustu,
- c) eingöngu ætlaður til að greiða þóknun eða þjónustugjald fyrir venjubundna vörslu frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs eða umsýslu vegna þeirra eða
- d) nauðsynlegur vegna óvenjulegra útgjalda, að því tilskildu að hið lögbæra stjórnvald hafi kunngjört öðrum lögbærum stjórnvöldum og framkvæmdastjórninni forsendurnar fyrir því að það telji að veita skuli sérstaka heimild, a.m.k. tveimur vikum áður en heimildin er veitt.

Aðildarríkin skulu tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem er veitt samkvæmt þessari grein.

2. Ákvæði 2. mgr. 2. gr. gilda ekki um viðbótarinnlagnir á frysta reikninga á:
 - a) vöxtum eða öðrum tekjum af fyrrnefndum reikningum eða

- b) greiðslum sem ber að inna af hendi samkvæmt samningum, samkomulagi eða skuldbindingum sem urðu til fyrir þann dag þegar fyrrnefndir reikningar urðu viðfang ákvæða sameiginlegrar afstöðu 2006/276/SSUÖ

og að því tilskildu að ákvæði 1. mgr. 2. gr. gildi áfram um fyrrnefnda vexti, aðrar tekjur og greiðslur.

4. gr.

1. Ráðið skal, með hliðsjón af tillögu frá aðildarríki eða talsmanni sameiginlegrar stefnu ESB í utanríkis- og öryggismálum, samþykkja breytingar á listunum í I., II., III. og IV. viðauka, eftir því sem stjórn málaþróun í Belarús gefur tilefni til.

2. Ráðherraráðið skal tilkynna ákvörðun sína, m.a. ástæðu þess að viðkomandi er færður á lista, hlutaðeigandi aðila, annaðhvort milliliðalaust, ef heimilisfang hans er þekkt, eða með útgáfu tilkynningar, þar sem fyrrnefndum aðila býðst að leggja fram athugasemdir sínar.

3. Ef athugasemdir eru gerðar eða traust, ný gögn lögð fram skal ráðherraráðið endurskoða ákvörðun sína og upplýsa hlutaðeigandi aðila um niðurstöðuna.

5. gr.

Evrópusambandið skal, í því skyni að knýja sem mest á um framangreindar ráðstafanir, hvetja þriðju ríki til að samþykkja þvingunaraðgerðir í líkingu við þær sem er að finna í ákvörðun þessari.

6. gr.

Sameiginleg afstaða 2006/276/SSUÖ er hér með felld úr gildi.

7. gr.

1. Ákvörðun þessi öðlast gildi þann dag þegar hún er samþykkt.

2. Ákvörðun þessi gildir til 31. október 2011. Hún skal vera í stöðugri endurskoðun. Hún skal endurnýjuð eða henni breytt, eftir því sem við á, telji ráðið að markmiðum þess hafi ekki verið náð.

3. Fresta ber þeim aðgerðum sem um getur í b-lið 1. mgr. 1. gr., að því leyti sem þær eiga við um hr. Yuri Nikolaevich PODOBED, og þeim aðgerðum sem um getur í c-lið 1. mgr. 1. gr. fram til 31. október 2011.

Gjört í Lúxemborg 25. október 2010.

Fyrir hönd ráðsins,

C. Ashton

forseti.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 101, 11.4.2006, bls. 5.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 93, 7.4.2009, bls. 21.

⁽³⁾ Stjttíð. ESB L 332, 17.12.2009, bls. 76.

⁽⁴⁾ Stjttíð. ESB L 134, 20.5.2006, bls. 1.

Fylgiskjal 2.

ÁKVÖRDUN RÁÐSINS 2011/69/SSUÖ
frá 31. janúar 2011
um breytingu á ákvörðun ráðsins 2010/639/SSUÖ
um þvingunaraðgerðir gegn tilteknum embættismönnum í Belarús.

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

að teknu tilliti til þess að:

- 1) hinn 25. október 2010 samþykkti ráðið ákvörðun 2010/639/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn tilteknum embættismönnum í Belarús ⁽¹⁾,
 - 2) í ljósi óheiðarlegra forsetakosninga hinn 19. desember 2010 og ofbeldiskenndrar herferðar gegn stjórnarandstöðunni, hinu borgaralega samfélagi og fulltrúa óháðra fjölmiðla í Belarús ber að stöðva frestun ferðatakmarkana með tilliti til aðila sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. 1. gr. ákvörðunar 2010/639/SSUÖ,
 - 3) þvingunaraðgerðir skulu ennfremur taka til þeirra aðila sem bera ábyrgð á óheiðarlegri framkvæmd kosninganna og herferð gegn stjórnarandstöðunni,
 - 4) uppfæra ber upplýsingar um tiltekna aðila sem eru á listunum í I., II., III. og IV. viðauka ákvörðunar 2010/639/SSUÖ,
 - 5) ráðið mun endurskoða reglulega ástandið í Belarús og leggja mat á umbætur sem stjórnvöld í Belarús kunna að hafa gert í því skyni að hefja lýðræðisleg gildi til vegs og virðingar, einnig mannréttindi og mannfrelsi, þ.m.t. tjáningarfrelsi og frelsi fjölmiðla, fundafrelsi og frelsi til stjórnmalastarfsemi ásamt reglum réttarríkisins,
 - 6) breyta ber ákvörðun 2010/639/SSUÖ til samræmis við þetta,
- HEFUR SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2010/639/SSUÖ er hér með breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi d-liður bætist við 1. mgr. 1. gr.:
„d) fyrir brotum á alþjóðlegum kosningareglum í forsetakosningunum í Belarús 19. desember 2010 og fyrir herferð gegn borgaralegu samfélagi og lýðræðislegri stjórnarandstöðu og þeir aðilar sem þeim tengjast, sbr. lista í III. viðauka A.“
- 2) Í stað 2. gr. komi eftirfarandi:

„2. gr.

1. Frysta ber alla fjármuni og efnahagslegan auð sem tilheyra, eru í eigu, vörslu eða undir stjórn einstaklinga sem eru ábyrgir:

- a) fyrir brotum á alþjóðlegum kosningareglum í forsetakosningunum í Belarús 19. mars 2006 og fyrir herferð gegn borgaralegu samfélagi og lýðræðislegri stjórnarandstöðu og þeir einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir sem þeim tengjast, sbr. lista í IV. viðauka,
- b) fyrir brotum á alþjóðlegum kosningareglum í forsetakosningunum í Belarús 19. desember 2010 og fyrir herferð gegn borgaralegu samfélagi og lýðræðislegri stjórnarandstöðu og þeir einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir sem þeim tengjast, sbr. lista í III. viðauka A.

2. Enga fjármuni eða efnahagslegan auð skal gera aðgengilegan, með beinum eða óbeinum hætti, þeim aðilum sem eru á lista í III. viðauka A eða í IV. viðauka, eða þannig að þeir hafi hag af þeim eða honum.“

3) Í stað a-liðar 1. mgr. 3. gr. komi eftirfarandi:

„a) nauðsynlegur til að uppfylla grunnþarfir aðila er um getur í viðauka III. viðauka A eða í IV. viðauka og fjölskyldumeðlima á framfæri þeirra, þ.m.t. greiðslur vegna matarkaupa, leigu eða veðlána, lyfja og læknismeðferðar, skattheimtu, tryggingaiðgjalda og gjalda fyrir opinbera þjónustu,“.

4) Í stað 2. mgr. 3. gr. komi eftirfarandi:

„2. Ákvæði 2. mgr. 2. gr. gilda ekki um viðbótarinnlagnir á frysta reikninga á:

- a) vöxtum eða öðrum tekjum af fyrrnefndum reikningum eða
- b) greiðslum sem ber að inna af hendi samkvæmt samningum, samkomulagi eða skuldbindingum sem gengið var frá eða urðu til fyrir þann dag þegar ákvæði sameiginlegrar afstöðu 2006/276/SSUÖ eða ákvæði ákvörðunar þessarar tóku gildi að því er viðkomandi reikninga varðar

og að því tilskildu að ákvæði a- og b-liðar 1. mgr. 2. gr. gildi áfram um fyrrnefnda vexti, aðrar tekjur og greiðslur.“

5) Í stað 1. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:

„1. Ráðið skal, með hliðsjón af tillögu frá aðildarríki eða talsmanni sameiginlegrar stefnu ESB í utanríkis- og öryggismálum, samþykka breytingar á listunum í I., II. og III. viðauka, III. viðauka A og IV. og V. viðauka, eftir því sem stjórn málaþróun í Belarús gefur tilefni til.“

6) 3. mgr. 7. gr. falli niður.

7) Í stað I., II., III. og IV. viðauka við ákvörðun 2010/639/SSUÖ komi textinn sem settur er fram í I., II., III. og IV. viðauka við ákvörðun þessa.

8) Bæta ber textanum í V. viðauka við ákvörðun þessa við ákvörðun 2010/639/SSUÖ sem III. viðauka A við hana.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann dag þegar hún er samþykkt.

Gjört í Brussel 31. janúar 2011.

Fyrir hönd ráðsins,

C. Ashton

forseti.

(¹) Stjtið. ESB L 280, 26.10.2010, bls. 18.

Fylgiskjal 3.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS 2011/357/SSUÖ
frá 20. júní 2011
um breytingu á ákvörðun 2010/639/SSUÖ
um þvingunaraðgerðir gegn tilteknum embættismönnum í Belarús.

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

að teknu tilliti til þess að:

- 1) hinn 25. október 2010 samþykkti ráðið ákvörðun 2010/639/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn tilteknum embættismönnum í Belarús ⁽¹⁾,
- 2) í ljósi hins alvarlega ástands í Belarús ber að samþykkja viðbótarþvingunaraðgerðir,
- 3) setja ber ennfremur fleiri aðila og rekstrareiningar til viðbótar á lista yfir aðila sem þvingunaraðgerðir taka til eins og sett er fram í III. viðauka A við ákvörðun 2010/639/SSUÖ,
- 4) breyta ber ákvörðun 2010/639/SSUÖ til samræmis við þetta,

HEFUR SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2010/639/SSUÖ er hér með breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi komi í stað titils ákvörðunar 2010/639/SSUÖ:
„Ákvörðun ráðsins 2010/639/SSUÖ frá 25. október 2010 um þvingunaraðgerðir gegn Belarús “.
2. Eftirfarandi greinar eru felldar inn í ákvörðunina:

„3. gr. a

1. Lagt er bann við sölu, miðlun, tilfærslu eða útflutningi til Belarús á vopnum og öllum tegundum tengdra hergagna, þ.m.t. vopn og skotfæri, herfarartæki og búnaður, búnaður sem ekki er ætlaður ríkisher og varahlutir í fyrrnefnd tól og tæki, svo og á búnaði sem nota má til bælingar innanlands, fyrir milligöngu ríkisborgara aðildarríkjanna eða frá yfirráðasvæðum aðildarríkjanna eða með skipum sem sigla undir fána þeirra eða með loftförum þeirra, hvort sem þau eru upprunnin á yfirráðasvæðum þeirra eður ei.

2. Lagt er bann við því:

- a) að veita einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús, eða til notkunar þar í landi, með beinum eða óbeinum hætti, tæknilega aðstoð eða miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist þeim hlutum er um getur í 1. mgr. eða sem tengist því að útvega, framleiða, viðhalda og nota slíka hluti,
- b) að veita einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús, eða til notkunar þar í landi, með beinum eða óbeinum hætti, fjármagn eða fjárhagsaðstoð sem tengist þeim hlutum er um getur í 1. mgr., þ.m.t., einkum og sér í lagi, styrkir, lán og útflutningsgreiðslu-vátryggingar vegna sölu, útvegunar, tilfærslu eða útflutnings á slíkum hlutum, eða sem tengist því að veita þeim tengda tæknilega aðstoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu,
- c) að taka þátt, vitandi vits og af ásetningi, í starfsemi sem miðar að því eða hefur þau áhrif að þau bönn er um getur í a- eða b-lið séu sniðgengin.

3. gr. b

1. Ákvæði 3. gr. a gilda ekki um:

- a) sölu, útvegun, tilfærslu eða útflutning á herbúnaði sem ekki er banvænn eða á búnaði sem nota mætti til bælingar innanlands, sem eingöngu er ætlaður í mannúðar- eða verndarskyni,

eða fyrir áætlanir um uppbyggingu stofnana Sameinuðu þjóðanna (SP) og Bandalagsins eða fyrir hættustjórnunaraðgerðir ESB eða SP,

- b) sölu, útvegum, tilfærslu eða útflutning á óvopnuðum, skotheldum farartækjum sem hafa verið framleidd eða búin efnum til að verja þau gegn skeytum og eru eingöngu ætluð til verndar starfsfólki ESB og aðildarríkja þess í Belarús,
- c) veitingu tæknilegrar aðstoðar, miðlunarþjónustu og annarrar þjónustu sem tengist þess háttar búnaði eða þess háttar áætlunum og aðgerðum,
- d) fjármögnun eða veitingu fjárhagsaðstoðar sem tengist þess háttar búnaði eða þess háttar áætlunum og aðgerðum,

að því tilskildu að viðkomandi lögbært stjórnvald hafi samþykkt slíkan útflutning og aðstoð fyrirfram.

2. 3. gr. a gildir ekki um hlífðarfatnað, þ.m.t. brakheldir jakkar og herhjálmar, sem starfsfólk SP, starfsfólk ESB eða aðildarríkja þess, fulltrúar fjölmiðla og starfsmenn hjálpar- og þróunarstofnana og tengt starfsfólk hefur tímabundið flutt út til Belarús eingöngu til eigin nota.“

2. gr.

Bæta ber þeim aðilum og rekstrareiningum sem eru á listanum í viðaukanum við ákvörðun þessa við listann sem er settur fram í III. viðauka A við ákvörðun 2010/639/SSUÖ.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún er samþykkt.

Gjört í Lúxemborg 20. júní 2011.

Fyrir hönd ráðsins,

C. Ashton

forseti.

(¹) Stjtið. ESB L 280, 26.10.2010, bls. 18.

Fylgiskjal 4.

**ÁKVÖRDUN RÁÐSINS 2011/666/SSUÖ
frá 10. október 2011
um breytingu á ákvörðun 2010/639/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Belarús.**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

að teknu tilliti til þess að:

- 1) hinn 25. október 2010 samþykkti ráðið ákvörðun 2010/639/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn tilteknum embættismönnum í Belarús (¹),
- 2) framlengja ber þvingunaraðgerðirnar til 31. október 2012 á grundvelli endurskoðunar ákvörðunar 2010/639/SSUÖ,
- 3) í ljósi hins alvarlega ástands í Belarús ber að færa tiltekna aðila til viðbótar á listana yfir aðila og rekstrareiningar sem þvingunaraðgerðir, sem settar eru fram í III. viðauka A við ákvörðun 2010/639/SSUÖ, taka til,
- 4) uppfæra ber ennfremur upplýsingarnar um tiltekna aðila og rekstrareiningu sem eru á listunum í III. viðauka A við fyrrnefnda ákvörðun,
- 5) nauðsyn ber til að fella inn undanþágu frá ákvörðuninni um frystingu eigna, er um getur í ákvörðun 2010/639/SSUÖ, í því skyni að tryggja að félögum innan ESB sé ekki óheimilt að endurheimta fjármuni sem rekstrareiningar á lista skulda þeim samkvæmt samningum sem gerðir voru áður en téðar rekstrareiningar voru færðar á lista,
- 6) breyta ber ákvörðun 2010/639/SSUÖ til samræmis við þetta,

HEFUR SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2010/639/SSUÖ er hér með breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi málsgrein bætist við 3. gr.:

„3. Ákvæði 1. mgr. 2. gr. koma ekki í veg fyrir að tilgreindur einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun geti innt af hendi greiðslu samkvæmt samningi, sem var gerður áður en slíkur einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun var færð á lista, að því tilskildu að hlutaðeigandi aðildarríki hafi gengið úr skugga um að einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun, er um getur í 1. mgr. 2. gr., fái ekki greiðsluna í hendur með beinum eða óbeinum hætti.“

2. Í stað 2. mgr. 7. gr. komi eftirfarandi:

„2. Ákvörðun þessi gildir til 31. október 2012. Hún skal vera í stöðugri endurskoðun. Heimilt er að endurnýjuð hana eða breyta, eftir atvikum, telji ráðið að markmiðum hennar hafi ekki verið náð.“

2. gr.

Bæta ber þeim aðilum sem eru á listanum í I. viðauka við ákvörðun þessa við listann sem er settur fram í III. viðauka A við ákvörðun 2010/639/SSUÖ.

3. gr.

Í III. viðauka A við ákvörðun 2010/639/SSUÖ komi þær færslur sem lúta að hverjum og einum og settar eru fram í II. viðauka við ákvörðun þessa í stað þeirra færslna sem varða eftirtalda aðila og rekstrareiningu:

- 1) Mazouka Siarhei,
- 2) Bazanau, Aliaksandr Viktaravich,
- 3) Peftiev Vladimir,
- 4) Ipatau, Vadzim Dzmitryevich,
- 5) Bushnaia, Natallia Uladzimirauna,
- 6) Bushchyk, Vasil Vasilievich,
- 7) Katsuba, Sviatlana Piatrouna,
- 8) Kisialiova, Nadzeia Mikalaeuna,
- 9) Padaliak, Eduard Vasilievich,
- 10) Rakhmanava, Maryna Iurievna,
- 11) Shchurok, Ivan Antonavich,
- 12) Sport-Pari,
- 13) Shadryna, Hanna Stanislavauna.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann dag sem hún er samþykkt.

Gjört í Lúxemborg 10. október 2011.

Fyrir hönd ráðsins

C. Ashton

forseti

(¹) Sjáttíð. ESB L 280, 26.10. 2010, bls. 18.

Fylgiskjal 5.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 765/2006
frá 18. maí 2006
um þvingunaraðgerðir gegn Lukashenko forseta
og tilteknum embættismönnum í Belarús.

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 60. og 301. gr.,

með hliðsjón af sameiginlegri afstöðu 2006/362/SSUÖ frá 18. maí 2006 um breytingu á sameiginlegri afstöðu 2006/276/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn tilteknum embættismönnum í Belarús ⁽¹⁾,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

að teknu tilliti til þess að:

- 1) hinn 24. mars 2006 lýsti leiðtoga ráðið yfir vonbrigðum sínum með að stjórnvöld í Belarús hafi ekki staðið við ÖSE-skuldbindingar um lýðræðislegar kosningar, setti fram það álit sitt að forsetakosningunum sem fram fóru hinn 19. mars 2006 hafi í meginatriðum verið ábótavant og fordæmði þær aðgerðir belarúsneskra stjórnvalda að handtaka friðsamlega mótmælendur sem nýttu sér lögum rétt sinn til fundafrelsis til að mótmæla framkvæmd forsetakosninganna á kjördag. Af þessum sökum hefur leiðtoga ráðið ákveðið að beita skuli þvingunaraðgerðum gegn þeim sem bera ábyrgð á að brotið var gegn alþjóðlegum kosningareglum,
- 2) hinn 10. apríl 2006 ákvað ráðið að samþykkja þvingunaraðgerðir gegn Lukashenko forseta, belarúsnesku stjórninni og embættismönnum sem bera ábyrgð á brotum gegn alþjóðlegum kosningareglum og alþjóðlegum mannréttindalögum sem og hinum harkalegu aðgerðum gegn borgaralegu samfélagi og stjórnarandstöðu. Leggja skal bann við útgáfu vegabréfsáritana til þessara aðila og hugsanlega beina frekari aðgerðum gegn þeim,
- 3) í sameiginlegri afstöðu 2006/362/SSUÖ er kveðið á um að frysta skuli fjármuni og efnahagslegan auð Lukashenko forseta og tiltekinna embættismanna í Belarús sem tilgreindir hafa verið í þessum tilgangi,
- 4) ráðstafanir þessar falla undir gildissvið sáttmálans og þess vegna, einkum til að tryggja sé að rekstraraðilar í öllum aðildarríkjunum beiti þeim með sama hætti, er löggjöf á vettvangi Evrópubandalagsins nauðsynleg til að hrinda þessum aðgerðum í framkvæmd að því er Evrópubandalagið varðar. Í reglugerð þessari skal yferráðasvæði Evrópubandalagsins teljast ná yfir þau yferráðasvæði aðildarríkjanna sem sáttmálinn tekur til, samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í sáttmálanum,
- 5) aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn ákvæðum reglugerðar þessarar. Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera meðalhófskennd, skilvirk og hafa varnaðaráhrif,
- 6) reglugerð þessi skal öðlast gildi án tafar til þess að tryggja megi að þær aðgerðir sem hún kveður á um skili árangri,

HEFUR SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „fjármunir“ merkir hvers konar fjáreignir og greiðslur, þ.m.t., en þó ekki eingöngu:
 - a) reiðufé, ávísanir, peningakröfur, víxlar, póstaávísanir og aðrir greiðslugerningar,
 - b) inneignir hjá fjármálastofnunum eða öðrum rekstrareiningum, inneignir á reikningum, skuldir og fjárskuldbindingar,

- c) verðbréf eða skuldaskjöl sem verslað er með í kauphöllum eða utan markaða, þ.m.t. hlutabréf og hlutir, skírteini fyrir verðbréfum, skuldabréf, lán, ábyrgðir, skuldaviðurkenningar og afleiðusamningar,
 - d) vextir, arðgreiðslur eða aðrar tekjur eða verðmæti sem safnast upp vegna eigna eða myndast af eignum,
 - e) lánsviðskipti, réttur til skuldajöfnunar, tryggingar, áfangatryggingar eða aðrar fjárskuldbindingar,
 - f) ábyrgðir, farmbréf, reikningar,
 - g) skjöl sem færa sönnur á hlutdeild í sjóðum eða fjármunum,
2. „frysting fjármuna“ merkir að koma í veg fyrir hvers konar flutning, tilfærslu, breytingu, notkun á, aðgang að eða viðskipti með fjármuni á einhvern hátt sem leiðir til breytinga á magni þeirra, fjárhæð, staðsetningu, eignarrétti, yferráðum, eðli, áfangastað eða aðra breytingu sem gerir notkun fjármagnsins mögulega, þ.m.t. eignastýring,
3. „fjármagn“ merkir eignir af hvers kyns toga, hvort heldur sem er efnislegar eða óefnislegar, lausafé eða fasteign, sem eru ekki fjármunir en unnt er að nota til að afla fjármuna, vöru eða þjónustu,
4. „frysting efnahagslegs auðs“ merkir að koma í veg fyrir hvers konar nýtingu efnahagslegs auðs í því skyni að afla fjármuna, vöru eða þjónustu, þ.m.t., en þó ekki eingöngu, með sölu, leigu eða veðsetningu hans,
5. „yferráðasvæði Evrópubandalagsins“ merkir þau yferráðasvæði aðildarríkjanna sem sáttmálinn tekur til, samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í sáttmálanum.

2. gr.

1. Frysta skal alla fjármuni og efnahagslegan auð sem tilheyrrir, er í eigu, í vörslu eða undir stjórn Lukashenko forseta sem og alla fjármuni og efnahagslegan auð sem tilheyrrir, er í eigu, í vörslu eða undir stjórn tiltekinna annarra embættismanna í Belarús sem bera ábyrgð á brotum gegn alþjóðlegum kosningareglum í forsetakosningunum sem fram fóru í Belarús hinn 19. mars 2006 sem og hinum harkalegu aðgerðum gegn borgaralegu samfélagi og stjórnarandstöðu, og einstaklinga eða lögaðila, rekstrareininga og stofnana sem þeim tengjast og talin eru upp í I. viðauka.
2. Engir fjármunir eða efnahagslegur auður skal gerður aðgengilegur með beinum eða óbeinum hætti fyrir einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem eru á lista í I. viðauka.
3. Þátttaka, vitandi vits og af ásetningi, í starfsemi, sem miðar beint eða óbeint að því að sniðganga þær ráðstafanir er um getur í 1. og 2. mgr., er bönnuð.

3. gr.

1. Lögbært stjórnvald í aðildarríki, sbr. II. viðauka, getur heimilað affrystingu tiltekinna frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs eða að tilteknir fjármunir eða tiltekinn efnahagslegur auður sé gerður aðgengilegur, samkvæmt þeim skilyrðum sem það telur við eiga, eftir að hafa gengið úr skugga um að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sem um ræðir sé:
 - a) nauðsynlegur til að uppfylla grunnþarfir þeirra einstaklinga er um getur í I. viðauka og fjölskyldumeðlima á framfæri þeirra, þ.m.t. greiðslur vegna matarkaupa, leigu eða veðlána, lyfja og lækni meðferðar, skattheimtu, tryggingaiðgjalda og gjalda fyrir opinbera þjónustu,
 - b) eingöngu ætlaður til að greiða hæfilega þóknun fyrir sérfræðiþjónustu og standa undir útgjöldum vegna veittrar lögfræðiþjónustu eða
 - c) eingöngu ætlaður til að greiða þóknunir eða þjónustugjöld fyrir venjubundna vörslu eða umsýslu frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs.
2. Ef lögbært stjórnvald í aðildarríki, sbr. II. viðauka, telur nauðsynlegt að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður sé affrystur eða að tilteknir fjármunir eða tiltekinn efnahagslegur

auður sé gerður aðgengilegur vegna óvenjulegra útgjalda ber því að tilkynna öðrum lögbærum stjórnvöldum og framkvæmdastjórninni á hvaða forsendum það telur að tiltekin heimild skuli veitt eigi síðar en tveimur vikum áður en heimild er veitt til að fá álit þeirra á drögum að slíkri heimild fyrirfram. Tveimur vikum eftir að tilkynning er send getur lögbæra stjórnvaldið heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður sé affrystur eða að tilteknir fjármunir eða tiltekinn efnahagslegur auður sé gerður aðgengilegur samkvæmt þeim skilyrðum sem það telur við eiga.

3. Viðkomandi lögbært stjórnvald skal tilkynna viðkomandi lögbærum stjórnvöldum í hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um allar heimildir sem veittar eru samkvæmt þessari grein.

4. gr.

1. Ákvæði 2. mgr. 2. gr. gilda ekki um viðbótarinnlagnir á frysta reikninga á:
 - a) vöxtum eða öðrum tekjum af fyrrnefndum reikningum eða
 - b) greiðslum samkvæmt samningum, samkomulagi eða skuldbindingum sem gengið var frá eða urðu til fyrir þann dag þegar ákvæði reglugerðar þessarar tóku gildi að því er viðkomandi reikninga varðar, að því tilskildu að allir slíkir vextir, aðrar tekjur og greiðslur falli áfram undir 1. mgr. 2. gr.
2. Ákvæði 2. mgr. 2. gr. kemur ekki í veg fyrir að fjármála- eða lánastofnanir í Evrópusambandinu leggi fé inn á frysta reikninga, veiti þær viðtöku fjármunum sem þriðju aðilar færa yfir á reikning aðila, rekstrareiningar eða stofnunar, sem er á lista, að því tilskildu að viðbótarinnlagnir á slíka reikninga verði einnig frystar. Hlutaðeigandi fjármála- eða lánastofnun skal tilkynna viðkomandi lögbærum stjórnvöldum um þess háttar viðskipti án tafar.

5. gr.

1. Einstaklingar og lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir skulu, með fyrirvara um gildandi reglur um skýrslugjöf, trúnaðarkvöð og þagnarskyldu:
 - a) beina, án tafar, öllum upplýsingum, sem myndu greiða fyrir því að unnt sé að fara að ákvæðum þessarar reglugerðar, þ.e. um reikninga og fjárhæðir, sem eru fryst skv. 2. gr., til lögbærra stjórnvalda í aðildarríkjunum, sbr. II. viðauka, þar sem þau hafa heimilisfesti eða eru staðsett, og senda framkvæmdastjórninni þessar upplýsingar milliliðalaust eða fyrir atbeina lögbæru stjórnvaldanna,
 - b) vinna með lögbærum stjórnvöldum, sbr. II. viðauka, að því að sannprófa þessar upplýsingar.
2. Allar viðbótarupplýsingar, sem framkvæmdastjórnin veitir viðtöku beint, skulu gerðar aðgengilegar lögbærum stjórnvöldum í hlutaðeigandi aðildarríki.
3. Allar upplýsingar, sem eru látnar í té eða veitt viðtaka samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, eru eingöngu ætlaðar til notkunar í sama tilgangi og leiddi til þess að þær voru veittar eða þeim veitt viðtaka.

6. gr.

Að frysta fjármuni og efnahagslegan auð eða að synja um aðgang að fjármunum eða efnahagslegum auði, gert í góðri trú á þeirri forsendu að slík aðgerð sé í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar, skapar þeim einstaklingum eða lögaðilum eða rekstrareiningum eða stofnunum, sem annast framkvæmd slíkrar aðgerðar, eða stjórnendum hennar eða starfsmönnum ekki ábyrgð af neinu tagi, nema sannað þyki að fjármunirnir og hinn efnahagslegi auður hafi verið frystir eða synjað hafi verið um aðgang að þeim af gáleysi.

7. gr.

Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu án tafar miðla upplýsingum með gagnkvæmum hætti um þær ráðstafanir sem gripið er til samkvæmt reglugerð þessari og veita hvert öðru aðrar upplýsingar sem máli skipta í tengslum við reglugerð þessa, einkum upplýsingar um brot á ákvæðum hennar og vandkvæði samfara framkvæmd hennar, ásamt upplýsingum um úrskurði innlendra dómstóla.

8. gr.

Framkvæmdastjórnin hefur umboð til að:

- a) breyta I. viðauka á grundvelli ákvarðana sem teknar eru að því er varðar IV. viðauka sameiginlegrar afstöðu 2006/276/SSUÖ og
- b) breyta II. viðauka á grundvelli upplýsinga sem aðildarríkin veita.

9. gr.

1. Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum á ákvæðum reglugerðar þessarar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þær komi til framkvæmda. Þau viðurlög sem mælt er fyrir um skulu vera skilvirk, meðalhófskennd og hafa varnaðaráhrif.
2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessar reglur án tafar eftir að reglugerðin öðlast gildi og tilkynna henni um allar breytingar sem kunna að verða gerðar síðar.

10. gr.

Reglugerð þessi gildir:

- á yfirráðasvæði Evrópubandalagsins, þ.m.t. í loftrými þess,
- um borð í loftförum eða skipum sem lögsaga aðildarríkis nær til,
- um sérhvern aðila innan eða utan yfirráðasvæðis Evrópubandalagsins sem er ríkisborgari í aðildarríki,
- um sérhvern lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er skráð eða er löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis,
- um sérhvern lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, að því er varðar viðskipti sem fara fram, að öllu leyti eða að hluta, innan Evrópubandalagsins.

11. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. maí 2006.

Fyrir hönd ráðsins,
Franz Morak
forseti.

(¹) Stjtið. ESB L 76, 22.3.2011, bls. 45.

Fylgiskjal 6.**REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 646/2008****frá 8. júlí 2008****um breytingu á reglugerð (EB) nr. 765/2006****um þvingunaraðgerðir gegn Lukashenko forseta og tilteknum embættismönnum í Belarús.**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 60. og 301. gr.,

með hliðsjón af sameiginlegri afstöðu 2006/276/SSUÖ frá 10. apríl 2006 varðandi þvingunaraðgerðir gegn tilteknum embættismönnum í Belarús og niðurfellingu sameiginlegrar afstöðu 2004/661/SSUÖ ⁽¹⁾,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

að teknu tilliti til þess að:

1) í reglugerð ráðsins (EB) nr. 765/2006 frá 18. maí 2006 varðandi þvingunaraðgerðir gegn Lukashenko forseta og tilteknum embættismönnum í Belarús ⁽²⁾ er kveðið á um þvingunaraðgerðir í samræmi við sameiginlega afstöðu 2006/276/SSUÖ,

2) rétt þykir að breyta reglugerð (EB) nr. 765/2006 til samræmis við nýjustu þróun á sviði refsiaðgerða að því er varðar skilgreiningu á lögbærum stjórnvöldum, ábyrgð á tilteknum brotum og opinbera auglýsingu um verklagsreglur fyrir umsýslu vegna tiltekinnna lista. Fyrir skýrleika sakir skal endurbirta í heild sinni þær greinar sem gera þarf breytingar á,

HEFUR SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 765/2006 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi grein bætist við:

„2. gr. a

Bannið, sem er sett fram í 2. mgr. 2. gr., skapar viðkomandi einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum ekki ábyrgð af neinu tagi, ef þessir aðilar vissu ekki, og höfðu enga réttmæta ástæðu til að ætla, að aðgerðir þeirra myndu brjóta í bága við það bann.“

2. Í stað 3. gr. komi eftirfarandi:

„3. gr.

1. Lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum, sbr. vefsetrin í II. viðauka, geta heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður sé affrystur eða að tilteknir fjármunir eða tiltekinn efnahagslegur auður sé gerður aðgengilegur samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja við eiga, eftir að hafa gengið úr skugga um að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé:

- nauðsynlegur til að uppfylla grunnþarfir þeirra einstaklinga er um getur í I. viðauka og fjölskyldumeðlima á framfæri þeirra, þ.m.t. greiðslur vegna matarkaupa, leigu eða veðlána, lyfja og lækni meðferðar, skattheimtu, tryggingaiðgjalda og gjalda fyrir opinbera þjónustu,
- eingöngu ætlaður til að greiða hæfilega sérfræðiþóknun og endurgreiða kostnað sem stofnað er til vegna veittrar lögfræðiþjónustu,
- eingöngu ætlaðir til að greiða þóknun eða þjónustugjald fyrir venjubundna vörslu frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs eða umsýslu vegna þeirra,
- nauðsynlegur vegna óvenjulegra útgjalda, að því tilskildu að viðkomandi aðildarríki hafi tilkynnt öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni á hvaða forsendum það telji að veita skuli sérstaka heimild, a.m.k. tveimur vikum áður en hún er veitt.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem er veitt samkvæmt 1. mgr.“
3. Í stað 5. gr. komi eftirfarandi:
- „5. gr.
1. Einstaklingar og lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir skulu, með fyrirvara um gildandi reglur um skýrslugjöf, trúnaðarkvöð og þagnarskyldu:
- a) veita lögbærum stjórnvöldum í búsetu- eða dvalarlandi, sem tilgreind eru á vefsetrum í II. viðauka, án tafar allar þær upplýsingar sem greitt geta fyrir því að unnt sé að fara að ákvæðum reglugerðar þessarar, svo sem um reikninga og fjárhæðir sem frýstar hafa verið samkvæmt 2. gr., og veita framkvæmdastjórninni slíkar upplýsingar með beinum eða óbeinum hætti, sem og
- b) eiga samstarf við þau lögbæru stjórnvöld sem tilgreind eru á vefsetrum í II. viðauka um hvers kyns sannpröfun þessara upplýsinga.
2. Allar upplýsingar, sem eru látnar í té eða veitt viðtaka samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, eru eingöngu ætlaðar til notkunar í sama tilgangi og leiddi til þess að þær voru veittar eða þeim veitt viðtaka.“
4. Í stað 8. gr. komi eftirfarandi:
- „8. gr.
1. Framkvæmdastjórnin hefur umboð til að:
- a) breyta I. viðauka á grundvelli ákvarðana sem teknar eru að því er varðar IV. viðauka sameiginlegrar afstöðu 2006/276/SSUÖ og
- b) breyta II. viðauka á grundvelli upplýsinga sem aðildarríkin veita.
2. Birta skal tilkynningu um tilhögun upplýsingagjafar viðvíkjandi I. viðauka.“
5. Eftirfarandi grein bætist við:
- „9. gr. a
1. Aðildarríkin skulu tilnefna þau lögbæru stjórnvöld er um getur í 3. gr., 2. mgr. 4. gr. og 5. gr. og auðkenna þau á þeim vefsetrum er um getur í II. viðauka.
2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um lögbær stjórnvöld sín og samskiptaupplýsingar þeirra fyrir 31. júlí 2008 og tilkynna henni um allar síðari breytingar án tafar.“
6. Í stað II. viðauka komi texti viðaukans við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópu-sambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. júlí 2008.

Fyrir hönd ráðsins,
C. Lagarde
forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 101, 11.4.2006, bls. 5. Sameiginleg afstaða eins og henni var síðast breytt með sameiginlegri afstöðu 2008/288/SSUÖ (Stjtið. ESB L 95, 29.4.2003, bls. 66).

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 134, 20.5.2006, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1791/2006 (Stjtið. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 1).

Fylgiskjal 7.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) nr. 84/2011
frá 31. janúar 2011
um breytingu á reglugerð (EB) nr. 765/2006
um þvingunaraðgerðir gegn Lukashenko forseta
og tilteknum embættismönnum í Belarús.

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 215. gr.,

